


## Leiðbeiningar fyrir foreldra og nemendur

Leiðsagnarmat gefur aukna möguleika á samstarfi nemenda, foreldra og skóla við markmiðssetningu og mat á stöðu og líðan nemenda. Þátttaka nemandans felur í sér að íhuga, meta og skrá eigin árangur og líðan.

Matið fer fram á svæði foreldra eða nemenda á Mentor.is. Foreldrar geta nálgast lykilorð barna sinna á fremsta flipa nemendaspjaldsins þegar þeir hafa skráð sig inn í kerfið.


### Hvernig finna foreldrar lykilorð barnanna sinna?

1. Foreldrar skrá sig inn á Mentor.is með kennitölunni sinni og lykilorði. Þeir sem ekki hafa lykilorð geta farið á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og smellt á *Gleymt lykilorð*.
2. Smellt er á á flipann *Almennar upplýsingar* á nemendaspjaldinu. Hægra megin á spjaldinu sést þá lykilorð nemandans.




Ef foreldrar hafa ekki lykilorð að Mentor geta þeir farið inn á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) og smellt á *Gleymt lykilorð*.

### Hvernig fer matið fram?

1. Nemandinn (sjálfur eða með aðstoð foreldra) skráir sig inn í kerfið með kennitölunni sinni og lykilorði.
2. Smellt er á *Leiðsagnarmat* vinstra megin á skjánum.
3. Til að skrá á matsblaðið er smellt á merkið .
4. Í fyrsta hluta matsblaðsins á að svara spurningum með því að skrá í textareiti. Smellið í svarreitinn, þá birtist bendillinn og þið getið skráð svarið.
5. Í næsta hluta er metið út frá nokkrum þáttum með mismunandi matstáknum. Smellt er einu sinni í reit til að fá fyrsta táknið, aftur til að fá það næsta og svo koll af kolli. Skráð er athugasemd ef við á í textareit aftan við hverja fullyrðingu. Munið að smella á **vista** eða **uppfæra** með reglulegu millibili til þess að vista það sem þið hafið skráð.
6. **Ath!** Munið að smella á *Skrá* efst eða neðst á skjánum þegar mati er lokið eða **helst eftir hvern hluta fyrir sig** til að vista skráninguna.

## **Hversu lengi er matið opið og hvað gerist eftir að því er lokað?**

Dagsetningar við Leiðsagnarmat sýna hversu lengi matið er opið til skráningar. Eftir að skráningu er lokið getur kennari skoðað matið. Til að skoða matið smella nemendur og foreldrar á merkið  við Leiðsagnarmatið. Þá sjá þau mat nemandans á einu yfirlitsblaði og geta nýtt sér það til undirbúnings fyrir t.d. foreldraviðtal.

Gangi ykkur vel